

# Enginn latur í Latabæ!

*Helga Völundardóttir skrifar* Birt 15 sept. 2014 Merki: *Latibær • Leikarar • leikhús • Leikkonur • Leti • tæknibrellur • Þjóðleikhúsið*

---

Við tökum til orða okkar þannig að maður liggi í leti, eða sé latur í dag. Það er nú bara krúttlegt og auk þess gefur orðalagið til kynna að um tímabundið ástand sé að ræða og gefur í skyn að sá sem þetta segir hafi sig ekki upp í eitthvert ákveðið verkefni þann daginn og leyfi sér að vera slakur yfir því.

Leikritið „Ævintýri í Latabæ“ fjallar um margt og mikið meira en eitthvert droll og sælgætisát. Því komst ég að á frumsýningu síðastliðinn sunnudag, 14. september. Ekki það að ég hafi ekki gluggað í konsept og innihald í sögum af Latabæ en það hefur verið frekar yfirborðskennt glugg.

Ég á þrjár uppkomnar dætur sem áttu mynd um Glanna glæp og var sú mynd í geislatækinu lon og don. Og svo á ég einn dótturson sem nú horfir á þetta heimsfræga efni á erlendum sjónvarpsstöðvum. En ég skal bara viðurkenna það hér og nú að ég var með fordóma og þeir byrjuðu að grassera á mínum sokkabandsárum þegar bókin kom út.